

**118. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands  
haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, miðvikudaginn  
20. október 2004, kl. 13:15**

**Mættir:** Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Orri Hlökkversson og Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóra sem ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Málefni Kirkjuferjuháleigu.**

Einar Njálsson greindi frá viðræðum sem hann hefur átt við forsvarsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss. Viðræðum verður haldið áfram.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að yfirliti um hugsanlegan viðbótarkostnað sveitarfélaganna ef sú ákvörðun verður tekin um að hætta starfsemi í Kirkjuferjuháleigu og að urða sorp annarsstaðar. Stjórnin óskar eftir að drögin verði nánar útfærð.

Samþykkt að halda fund með fulltrúum sveitarfélaga um málið á næstu dögum.

**2. Samstarf SASS og Sorpstöðvar Suðurlands.**

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkir að segja upp samstarfi við SASS um sameiginlega framkvæmdastjórn.

Nýtt fyrirkomulag komi til framkvæmda 1. janúar 2005.

Stjórnin vill við þetta tækifæri þakka Þorvarði Hjaltasyni fyrir afar árangursríkt starf við uppbyggingu fyrirtækisins, enda er rekstur þess til mikillar fyrirmyndar.

Ákvörðun þessi er tekin vegna fyrirsjáanlegra breytinga í rekstrarumhverfi fyrirtækisins.

Stjórnin mun leita eftir samningum við SASS um skrifstofuhald fyrir Sorpstöðina.

Fundi slitið kl. 15:30

Einar Njálsson  
Orri Hlökkversson

Ágúst Ingi Ólafsson  
Þorvarður Hjaltason